

Dómurinn telur, að fella beri niður löghald til tryggingar kröfum þessum, sem gert var í fógetarétti Gullbringusýslu þ. 25. maí 1982, þar sem máli til staðfestingar löghaldinu hefur ekki verið haldið réttilega til laga.

Með hliðsjón af þessu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 35.000,00 með 37% ársvöxtum frá 25. maí 1982 til 23.9. 1983, 39% ársvöxtum frá þ.d. til 21.10. 1983, 36% ársvöxtum frá þ.d. til 21.11. 1983, 32% ársvöxtum frá þ.d. til 21.12. 1983, 25% ársvöxtum frá þ.d. til 21.1. 1984, 19% ársvöxtum frá þ.d. til 2.3. 1984, en þá með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum til greiðsludags.

Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilegur kr. 12.000,00.

Dóm þennan kvað upp Valtýr Sigurðsson héraðsdómari.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Lagmetisiðjan Garði h.f., greiði stefnanda, Karli Arasyni, kr. 35.000,00 með 37% ársvöxtum frá 25. maí 1982 til 23.9. 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21.10. 1983, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21.11. 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21.12. 1983, 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21.01. 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til þessa dags og síðan með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum til greiðsludags auk málskostnaðar, kr. 12.000,00, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. júní 1985.

Nr. 136/1983. **Brandur Brynjólfsson**  
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)  
gegn  
**Magnúsi Magnússyni**  
(enginn)

Stefnubirting. Frávísun.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. júlí 1983. Hann gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða 150.000,00 krónur með 37% ársvöxtum frá 7. júní 1979 til 1. nóvember 1982, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og að staðfest verði löghald það, sem gert var hjá stefnda í fógetarétti Reykjavíkur hinn 24. mars 1982. Þá krefst hann og, að stefnda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi lét birta áfrýjunarstefnu í máli þessu í Lögbirtinga-  
blaði, er út kom 30. september 1983. Í áfrýjunarstefnunni er heimilisfangs stefnda allt að einu getið og það sagt vera „725 Terry Road, Hauppauge, New York State, 11787, U.S.A.“

Úr því að heimilisfang stefnda var kunnugt, var skv. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936 ófullnægjandi að birta stefnuna í Lögbirtinga-  
blaði. Stefndi hefur hvorki sótt þing fyrir Hæstarétti né sækja látið. Er því óhjákvæmilegt að vísa málinu frá Hæstarétti ex officio.

Málskostnaður verður ekki dæmdur.

#### D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti ex officio.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. apríl 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 28. mars sl., hefur Brandur Brynjólfsson hæstaréttarlögmaður, Mávanesi 20, Garðakaupstað, nnr. 1416-9725, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri í Lögbirtinga-  
blaði, sem út kom 21. apríl 1982, og framhaldsstefnu, framlagðri í dóm þann 13. október 1982, gegn Magnúsi Magnússyni, nnr. 6273-4698, Kleppsvegi 2, Reykjavík.

Endanlegar kröfur stefnanda eru þær, að stefndi greiði honum kr. 150.000,00 með 37% ársvöxtum frá 7. júní 1979 til 1. nóvember 1982, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað að skað-  
lausu, þ.m.t. löghaldskostnað, kr. 1.439,00. Þá krefst stefnandi staðfest-  
ingar á löghaldi, er gert var hjá stefnda í fógetarétti Reykjavíkur þann 24. mars 1982 til tryggingar ofangreindum kröfum.

Af hálfu stefnda er sótt þing. Endanlegar kröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur máls-  
kostnaður að mati réttarins. Til vara krefst hann þess, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og honum tildæmdur málskostnaður.

— — —

## D ó m s o r ð:

Stefndi, Magnús Magnússon, skal sýkn af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu.

Miðvikudaginn 12. júní 1985.

Nr. 130/1985.

**Thor R. Thors**

**Richard Thors**

**Þórður Thors**

**Unnur Thors Briem**

**og Jóna Íris Thors**

gegn

**dánarbúi Þórönnu Guðmundsdóttur**

**Hauki Sveinbjörnssyni**

**Gísla Sigurgeirssyni**

**Sigurgeiri Gíslasyni**

**Sigurði Helgasyni**

**Einari Hallssyni**

**Ragnari Hallssyni**

**Sveinbirni Hallssyni**

**Guðmundi Halldórssyni**

**Guðmundi Albertssyni og**

**Magnúsi Guðjónssyni**

**f.h. Veidifélags Núpár**

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason.

Sóknaraðiljar hafa samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi bæjarþings Reykjavíkur til Hæstaréttar með kæru 13. maí 1985, sem barst Hæstarétti 22. s.m. Þeir krefjast þess, að frávísunardóminum